

Þingflokksfundur Pírata, miðvikudaginn 22. mars 2017, kl. 13.

Fundinn sátu: Ásta Guðrún Helgadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Einar Brynjólfsson, Gunnar Hrafn Jónsson, Gunnar I. Guðmundsson, Halldóra Mogensen, Jón Þór Ólafsson, Oktavía Hrund Jónsdóttir, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir og Jón Þórisson. Einnig sátu fundinn Kristján Gunnarsson og Katla Hólm. Berglind ritar fundargerð.

Nr. 17/2017

1. Fundargerð

Fundargerð frá 20. mars var samþykkt.

2. Dagskráin í dag

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag og verkum skipt. Þingvaktir næstu daga ræddar. Ákveðið að Einar taki til máls í óundirbúnum fyrirspurnartíma á morgun og beinir hann fyrirspurn sinni til heilbrigðisráðherra. Skýrsluskil rannsóknarnefnda um kaup á eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands rædd.

3. Bréf úr nefndum

Þingmenn fóru yfir stöðu mála í nefndum.

4. Bréf frá Kristjáni

Kristján Gunnarsson fór yfir stöðu mála, næstu skref og hugmyndir ræddar.

5. Tilnefningar í stjórnir

Dagskrárlíð frestað.

6. Drög að tillögu um fundarsköp þingflokks Pírata

Jón Þór kynnti drögin og voru þau rædd. Jón Þór fer með framkvæmd verkefnisins í samvinnu við Birgittu og Oktavíu.

7. Rammaáætlun

Einar gerði grein fyrir málinu og var það rætt. Ákveðið að taka málið til frekari umræðu á næsta þingflokksfundi.

8. Önnur mál

Oktavía ræddi um ræðu sína í störfum þingsins. Þórhildur Sunna ræddi mál Amirs og stöðu flóttamanna. Gunnar Ingiberg óskaði eftir að frumvarp sitt um strandveiðar (176. mál) verði sett á dagskrá og greindi frá beiðni um sérstakar umræður. Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.52.